

## Samþykkt fyrir umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur

### *Umboð*

#### 1. gr.

Umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur starfar á vegum borgarstjórnar á grundvelli III. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002, m.s.br., sbr. einnig 1. mgr. 37. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

### *Verksvið*

#### 2. gr.

Um verkefni umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur fer samkvæmt barnaverndarlögum. Umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur er sjálfstætt í störfum sínum og stendur utan við almenna stjórnarsýslu Reykjavíkurborgar, sbr. 2. mgr. 13. gr. barnaverndarlaga. Úrskurðar- og ákvörðunarvald umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur fer samkvæmt 3. mgr. 13. barnaverndarlaga.

Umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur er heimilt að gera samning við önnur sveitarfélög um samstarf sín á milli, þ.m.t. um að umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur sinni hlutverki umdæmisráðs gagnvart barnaverndarþjónustu þeirra, sbr. 4. mgr. 14. gr. barnaverndarlaga.

### *Skipan*

#### 3. gr.

Um skipan umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur fer samkvæmt 14. gr. barnaverndarlaga og 64. gr. samþykktar nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar. Umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur er skipað þremur ráðsmönnum kjörnum af borgarstjórn og þremur til vara. Borgarstjórn kýs formann umdæmisráðsins sem skal vera lögfræðingur en ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er fimm ár.

### *Verkstjórn og verkaskipting*

#### 4. gr.

Formaður umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur fer með yfirstjórn umdæmisráðsins og skrifstofu þess. Hann fer með fyrirsvar umdæmisráðsins og ber ábyrgð á fjárhag þess og daglegum rekstri. Formaður ræður starfsfólk skrifstofu umdæmisráðsins í samræmi við viðauka við samþykkt nr. 1020/2019 um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, ákvæði laga og kjarasamninga, samþykktar fjárheimildir og reglur Reykjavíkurborgar.

### *Boðun funda og fundarsköp*

#### 5. gr.

Umdæmisráð heldur að jafnaði fundi tvisvar í mánuði. Formaður getur boðað til aukafunda eftir þörfum. Fella má niður fundi í kringum jól og áramót og í allt að tvo mánuði að sumarlagi.

Formaður ráðsins boðar til fundar og stýrir fundum ráðsins. Reglulegir fundir skulu að jafnaði boðaðir með a.m.k. 36 klukkustunda fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna til ráðsmanna telst fullgild boðun. Aukafundi skal boða með a.m.k. sólarhrings fyrirvara ef því verður við komið. Um fundarsköp fer eftir samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, eftir því sem við á.

### *Fundaskipulag og ritun fundargerða*

#### 6. gr.

Fundir umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur skulu haldnir fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum. Ráðið skal halda gerðabók en um ritun fundargerða fer að meginstefnu eftir verklagsreglum skrifstofu borgarstjórnar um fundargerðir nefnda og ráða Reykjavíkurborgar. Skrifstofa umdæmisráðs Barnaverndar sér um skrifstofuhald fyrir ráðið og leggur því til fundarritara.

#### *Fjármál*

##### *7. gr.*

Starfs- og fjárhagsáætlun umdæmisráðs Barnaverndar Reykjavíkur er hluti af starfs- og fjárhagsáætlun velferðarsviðs.

#### *Hæfi ráðsmanna og þagnarskylda*

##### *8. gr.*

Um hæfi ráðsmanna fer samkvæmt 30. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019, 20. gr. sveitarstjórnarlaga, II. kafla stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og barnaverndarlögum.

Um þagnarskyldu ráðsmanna og starfsmanna ráðsins vísast til 4. gr. barnaverndarlaga og stjórnsýslulaga, sbr. einnig 77. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.

#### *Gildistaka*

##### *9. gr.*

Samþykkt þessi tekur gildi með samþykkt borgarstjórnar [•] 2022. Þá fellur hinn 1. janúar 2023 úr gildi með samþykkt þessari samþykkt fyrir barnaverndarnefnd Reykjavíkur frá 4. apríl 2002 m.s.br., og við það tekur umdæmisráð Barnaverndar Reykjavíkur við umboði barnaverndarnefndar Reykjavíkur samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 m.s.br., samþykkt þessari, öðrum lögum, stjórnvaldsfyrirmælum, reglum og samþykktum.

*Samþykkt í borgarstjórn [•] 2022.*